

Við skrifum
ritgerð

Hvað er ritgerð?

Ritgerð er ritverk eftir nemendur sem fjallar um eitthvert ákveðið efni.

Sá sem skrifar ritgerð safnar margs konar upplýsingum og þekkingu sem hann vinnur úr og setur svo fram í skriflegu máli.




Uppbygging ritgerða

Inngangur

Meginmál

Lokaorð




☺ Inngangur ☺

Inngangur er kynning á
ritgerðarefninu.

Þar er efnið kynnt í víðu samhengi
sem síðan þrengist.


Oft er gott að skrifa
innganginn síðast.



Meginmál


Meginmál er aðalhluti
ritgerðarinnar.
Þar er fjallað um efnið.

Meginmálið skiptist í nokkrar efnisgreinar
sem eru afmarkaðar með greinarskilum.




Lokaorð

Í lokaorðum eru niðurstöður
dregnar saman.



Beinagrind



Gott er að byrja á að gera svokallaða beinagrind.

Þá setur maður niður punkta um það sem fjallað verður um í ritgerðinni og raðar þeim í þá röð sem maður vill hafa.

Dæmi

Uppkast

Þegar maður skrifar ritgerð er mjög mikilvægt að lesa sér til um efnið fyrst.

Svo skrifum við uppkast.

Uppkastið á síðan að lesa yfir með það í huga að breyta og bæta, t.d. umorða og lagfæra orðalag.

Mundu að upphaflegt uppkast getur litið allt öðruvísi út en endanlegi textinn!



Gátlisti



<u>Það er ekki gott að hafa:</u>	<u>Geættu þess að:</u>
of langar málsgreinar	skrifa uppkast, lesa það vel yfir og leiðréttu
sömu orðin í upphafi margra málsgreina	skipta efninu í efnisgreinar
orðið og í upphafi málsgreinar	reyna að hafa textann villulausan
sömu orðin oft	hafa greinarmerkin á réttum stöðum
villur	ritgerðin hafi inngang, meginmál og lokaord
	nota fjölbreyttan orðaforða